

30. janúar 1996

107

Nr. 70

4. gr.

6. gr. reglnanna orðast svo:

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 12. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, öðlast þegar gildi.

5. gr.

Reglur þessar öðlast gildi 1. febrúar 1996.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 30. janúar 1996.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

3. janúar 1996

Nr. 71

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 344/1990  
um skírteini gefin út af Flugmálastjórn.**

1. gr.

Greinar 2.4.1.2.t, 2.5.1.2.z, 2.8.1.2.t og 2.9.1.2.y, falli brott.

2. gr.

Grein 7.2.10. orðist svo:

Flugmálastjórn fær viðurkenndum skólum stjórn bóklegs atvinnuflugnáms og hefur eftirlit með framkvæmd þess. Námið skal stundað samkvæmt kennsluáætlun staðfestri af Flugmálastjórn. Rétt til bóklegs atvinnuflugnáms hefur hver sá, sem náð hefur 17 ára aldri, lokið bóklegu og verklegu einkaflugnámi og er handhafi einkaflugmannsskírteinis. Flugskóli sá sem hið bóklega nám annast, skal áður en nám hefst, sannreyna að umsækjandi hafi nægilega kunnáttu í ensku, stærðfræði og eðlisfræði til þessa að geta skilið það námsefni sem kennt er.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 34/1964 um loftferðir tekur þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 3. janúar 1996.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

24. janúar 1996

Nr. 72

## AUGLÝSING

**um áskriftargjald Lögbirtingablaðs.**

Áskriftargjald Lögbirtingablaðs fyrir árið 1996 skal vera 1.500 krónur. Einstök blöð kosta 50 krónur í lausasölu.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. janúar 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón Thors.*